

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 210/2021

frá 9. júlí 2021

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2088 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB að því er varðar merkingar ofnæmisvaldandi ilmefna í leikföngum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2089 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB að því er varðar bann við notkun ofnæmisvaldandi ilmefna í leikföngum ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB) í XXIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32020 L 2088**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2088 frá 11. desember 2020 (Stjtið. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 53),
- **32020 L 2089**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2089 frá 11. desember 2020 (Stjtið. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 58).“

2. gr.

Texti tilskipana (ESB) 2020/2088 og (ESB) 2020/2089, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 53.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 58.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.